

Sögur af Abdu'l -Bahá

Höfundur

Jacqueline Mehrabi

Íslensk þýðing

Erin Mae Kinghorn

Myndvinnsla

Myndir unnar með aðstoð DALL-E 2



Bahá'í útgáfan

Sögur af Abdu'l -Bahá

Útgefandi: Bahá'í útgáfan
Umsjón með útgáfu: Eðvarð T. Jónsson

Umbrot: Svavar Ellertsson
Prentun: Stapaprent

Öll réttindi áskilin


Bók þessa má eigi afrita með neinum
hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda
og rétthafa efnis.

Febrúar 2023

ISBN

Efnisyfirlit

1. Meistarinn	5	21. Landstjórinn	26
2. Skólinn	6	22. Kol	28
3. Kindurnar	7	23. Ferðalangurinn	29
4. Veikindi	8	24. Dyr himnaríkis	30
5. Hungur	9	25. Skipið	32
6. Einelti	10	26. Abá	33
7. Peningar	11	27. Börn 'Abdu'-Bahá	34
8. Strákaklíkan	12	28. Grafhýsi Bábsins	35
9. Hræðilegur staður	13	29. Ferðalagið	36
10. Fangelsið	14	30. Bíllinn	37
11. Vitrir menn	15	31. Falleg gjöf	38
12. Fjöllin	16	32. Fátæklingar	39
13. Heimkoman	17	33. Veislan	40
14. Paradís	18	34. Fjólur	41
15. Lampinn	20	35. Járnbrautarlestin	42
16. Bréfið	21	36. Flækingurinn	43
17. Munib	22	37. Fred	44
18. Keðjur	23	38. Að þjóna Guði	46
19. Brúðkaupið	24	39. Heimur ljóssins	47
20. Gjöfin	25		



Lit á mig, fylg þú mér, ver sem ég!
‘Abdu’l-Bahá

Meistarinn



Það var hlýr dagur í maí og garðurinn fullur af blómum. Fuglar svifu niður að tjörninni til að drekka tært vatnið, frjalsir og öruggir í þessum dásamlega garði þar sem ekkert gat orðið þeim að meini.

Þjónarnir í húsinu voru að elda. Gestirnir sátu í þægilegum sætum, drukku ávaxtasafa og borðuðu ljúffeng sætindi. Í þessu húsi voru allir velkomnir og enginn var sendur burt.

Dagur var að kvöldi kominn. Fuglarnir sátu á hreiðrum sínum og sungu listilega. Fólkið í húsinu var að klára verkin. Það söng líka bænir til að þakka Guði fyrir allt það góða sem hafði gerst þennan dag.

Það besta átti samt eftir að gerast. Á miðnætti fæddist lítill og yndislegur drengur á þessu hamingjusama heimili. Móðir hans var hin unga Navváb og faðir hans var Bahá'u'lláh, heilagur boðberi Guðs.

Barnið fékk nafn afa síns, 'Abbás. Það er arabískt nafn sem þýðir ljón. En brátt gaf Bahá'u'lláh honum annað nafn, hann kallaði hann Agha sem þýðir Meistari. Mörgum árum seinna varð hann þekktur um allan heim undir nafninu 'Abdu'l-Bahá. Þetta er nafn sem 'Abdu'l-Bahá gaf sjálfum sér og þýðir þjónn Bahá'u'lláh og vísar til þjónustu hans við föður sinn. Heilagt nafn Bahá'u'lláh merkir Dýrð Guðs.



Nabíl hét góður og grandvar maður. Hann verkjaði í augun og honum leið illa. Þegar Navváb, móðir Meistarans, frétti af þessu útbjó hún sérstakt smyrsl og sendi honum. Nabíl bar smyrslíð á augun og honum leið strax miklu betur.

Dag einn fór góður vinur þeirra í heimsókn til Navváb og tók Nabíl með sér. Það fyrsta sem hann sá var Meistarinn sem þá var sex ára gamall. Hann stóð við dyrnar að herbergi Bahá'u'lláh og brosti fallega til Nabíls þegar hann gekk fram hjá.

Á öðrum degi í þessari heimsókn hitti Nabíl föðurbróður Meistarans sem hét Kalím. Kalím sagði að þjónninn sem venjulega færi með Meistarannum í skólann væri ekki enn kominn til baka frá markaðnum. Hann spurði Nabíl hvort hann gæti fylgt drengnum í skólann.

Nabíl gladdist mjög við þessa beiðni. Meistarinn kom út úr herbergi Bahá'u'lláh hlýlega klæddur og með höfuðfat. Hann gekk

niður tröppurnar frá húsinu og leiddi Nabíl. Þeir spjölluðu saman alla leiðina.

Þegar þeir komu að skólanum horfði Meistarinn á Nabíl og sagði: „Komdu aftur eftir hádegi og fylgdu mér heim.“ Nabíl lofaði að gera þetta og flýtti sér, glaður og ánægður, heim til Bahá'u'lláh.



Kindurnar

Einn góðan veðurdag var Meistarinn úti á hestbaki. Hann reið smáhesti upp í hlíðar og yfir græna haga. Hann ætlaði að hitta nokkra smala frá þorpi sem Bahá'u'lláh átti. Öll húsin, akrarnir, bithaginn og kindurnar voru í eigu Bahá'u'lláh. Bændurnir ræktuðu maís og gættu dýranna en Bahá'u'lláh lét þá hafa peninga og mat og sá þeim fyrir lyfjum þegar þeir urðu veikir. Allir bændurnir elskuðu Bahá'u'lláh.

Meistarinn var aðeins sjö ára gamall og þess vegna fór þjónn með honum í langa reiðtúra inn til fjalla. Brátt sást til smalanna og kindanna. Þjónninn sagði við Meistarann að þegar faðir hans færi að heimsækja þessa smala þakkaði hann þeim alltaf fyrir að gæta skepnanna með því að gefa þeim gjafir.

Meistarinn átti ekki peninga eða mat til að gefa þeim. En þegar hann kom til þeirra sagði hann: „Ég ætla að gefa ykkur allar kindurnar sem þið eruð að gæta.“

Smalarnir urðu bæði hissa og glaðir yfir þessari gjafmildi. Seinna þegar Bahá'u'lláh frétti þetta varð hann líka glaður. Hann sagði að einn góðan veðurdag ætti Meistarinn eftir að gefa sjálfan sig líka.



Veikindi

Börnin léku sér í garðinum. Meistarinn var orðinn átta ára gamall, systir hans, Bahíyyih, var sex ára og litli bróðir hans, Mihdí, fjögurra ára. Meistarinn hafði verið mikið lasinn síðasta árið. Læknarnir sögðu að hann myndi deyja og ekki væru til meðul sem gætu læknað hann.

En Guð vildi ekki að hann dæi. Dag einn var Meistarinn orðinn frískur aftur. Læknarnir voru undrandi og vissu ekki hvernig svona gæti gerst.

Mörgum árum seinna þegar Meistarinn var orðinn gamall sagði hann nokkrum vinum sínum þessa sögu. Hann sagði að það væri alltaf einhver ástæða fyrir því sem gerist. Ef hann hefði verið frískur hefði hann verið kyrr í sveitinni en vegna veikindanna var hann hjá fjölskyldu sinni í borginni einmitt þegar hún þurfti mest á honum að halda. Einn daginn komu vondir menn og fóru burt með föður hans. Fjölskyldan var í uppnámi og allir höfðu miklar áhyggjur. En Meistarinn ungi gat aðstoðað móður sína, sinnt ýmsum erindum og passað upp á litlu systur sína og bróður.



Hungur

Bahá'u'lláh hafði ekki gert neitt rangt en hann var samt settur í fangelsi því hann trúði á Bábinn sem hafði komið með nýjan og dásamlegan boðskap frá Guði. Vondir menn brutust inn í fallega húsið sem Bahá'u'lláh og Navváb áttu í Teheran og stálu þar öllu lauslegu. Þeir tóku allar myndir, bækur og skraut, öll húsgögnin og jafnvel gólfteppið og leikföngin.

Fjölskyldan heilaga varð að flýja. Hún hafði misst allt og átti ekki einu sinni peninga fyrir mat. Einu sinni þegar Meistarinn var orðinn mjög svangur gaf móðir hans honum lítið eitt af þurru hveiti sem hún setti í lófa hans. Ekkert annað var til í húsinu.



Einelti

Fólkið sem trúði á nýja boðskapinn sem Bábinn flutti frá Guði var kallað „bábíar“ sem þýðir fylgjendur Bábsins. Margir bábíar voru í borginni þar sem Meistarinn bjó. En þar bjó líka fólk sem vildi ekkert með þá hafa og sýndi þeim mikla óvild.

Eitt sinn sá hópur af strákum Meistarann úti á götu. Þeir fóru að elta hann. „Þarna er bábí!“ hrópuðu þeir og hlupu á eftir honum. Fleiri strákar bættust í hópinn og eltu hann gegnum dimm húsa-sund og óhreinar götur, hoppandi og kallandi.

Meistarinn hljóp á undan þeim og hélt fast um smápening sem var vafinn inn í vasaklút sem hann var með í hendinni.



Flestir strákanna voru stærri en hann. Þeir voru næstum búnir að ná honum en hann hljóp inn í hús og faldi sig þar fram í myrkur.

Strákarnir hættu eltingarleiknum því þeir þorðu ekki að fara inn. Þeir biðu þangað til Meistarinn kom út, eltu hann og hentu í hann grjóti meðan hann hljóp heim.

Peningar

Það var kalt úti. Navváb, dóttir hennar og lítill sonur sátu þétt saman og reyndu að halda á sér hita.

Bahá'u'lláh, maðurinn hennar Navváb, var lokaður inni í dimmu fangelsi og fjölskyldan helga var í felum í litlu húsi. Flestir í borginni voru of hræddir til að hjálpa þeim og Navváb varð því að senda Meistarann heim til frænku sinnar til að fá peninga fyrir mat. Þau áttu ekkert að borða.

Tíminn leið og Meistarinn var ekki kominn heim. Hin börnin voru sofnuð þótt þau væru svöng og Navváb var mjög áhyggjufull.

Allt í einu heyrði hún fótatak. Hurðin opnaðist og Meistarinn kom inn. Strákarnir höfðu elt hann alla leiðina. Hann var of þreyttur til að tala. Hann lét móður sína fá peninginn og sofnaði svo strax á gólfinu.



Strákaklíkan

Dag einn var Meistarinn að ganga heim frá markaðnum. Hann leit við og sá að hópur af strákum kom hlaupandi í átt til hans. Þeir köstuðu grjóti og kölluðu „Bábí! Bábí!“

Meistarinn var bara lítill drengur en hann var mjög kjarkmikill. Hópurinn kom stöðugt nær. Allt í einu stoppuðu þeir steinhissa því að Meistarinn hafði snúið við og nú hljóp hann beint á móti þeim.

Þeir urðu hræddir og forðuðu sér eins fljótt og fætur toguðu. Eftir þetta hættu þeir að elta Meistarann, kölluðu hann aldrei illum nöfnum og hættu alveg að kasta í hann grjóti.



Hræðilegur staður

Þegar Bahá'u'lláh var í fangelsi saknaði Meistarinn hans mikið. Hann langaði að sjá föður sinn aftur. Einn daginn bauðst tryggur þjónn, sem bjó hjá fjölskyldunni, til að fylgja Meistarannum í fangelsið að hitta Bahá'u'lláh.

Þeir flýttu sér eftir óhreinum götum, stukku yfir holur og polla, fram hjá haugum af skemmdum mat og rusli. Flugur sveimuðu í kringum asna sem rölti hægt og rólega í átt að markaðnum með teppi, bómull, ávexti og maís úr sveitunum.

Þegar Meistarinn og þjónninn komu að fangelsinu bar þjónninn hann á háhesti. Fangavörður leiddi þá inn um dyrnar og eftir nokkur skref sáu þeir ekki handa sinna skil fyrir myrkri. Allt í einu heyrðu þeir rödd Bahá'u'lláh sem sagði, „Ekki koma með hann hingað.“ Þessi staður var of skelfilegur fyrir ungan dreng. Lyktin var hræðileg og fangarnir voru hlekkjaðir saman í myrkrinu.

Þjónninn bar Meistarann aftur upp tröppurnar og út í sólskinið.




Fangelsið

Meistarinn og tryggi þjónninn biðu fyrir utan fangelsið og vonuðust til að sjá andlit Bahá'u'lláh. Börn léku sér, hlógu og hoppuðu í nálægum götum. En Meistarinn var dapur meðan hann beið og horfði kvíðinn á litla hurð sem lá að þröngum gangi niður í dimmt fangelsið.

Það var fyrir tilviljun að einmitt þennan dag fengu fangarnir að fara út til að njóta sólarinnar í smástund. Margir bábíar voru í fangelsinu þótt enginn þeirra hefði gert neitt rangt. Hurðin opnaðist og Bahá'u'lláh kom hægt og rólega út í dagsljósið. Hann var hlekkjaður við annan bábía. Keðjurnar um hálsinn á honum voru hræðilega þungar og hann var svo veikburða að hann gat varla gengið.

Meistarinn var skelfingu lostinn þegar hann sá hvað hafði verið gert við föður hans. Það leið yfir hann og þjónninn varð að bera hann heim.



Mennirnir sem settu Bahá'u'lláh í fangelsið vildu taka hann af lífi. En allir vissu að Bahá'u'lláh hafði ekki gert neitt rangt og eftir nokkra mánuði var hann látinn laus. Óvinir hans vildu samt refsa honum. Þeir sögðu að hann og fjölskylda hans yrðu að fara í útlegð í annað land langt í burtu og koma aldrei tilbaka.

Fjölskyldan helga fór til borgarinnar Bagdað og þar dvaldi hún næstu tíu árin.

Vitrir menn

Meistarinn gekk með frænda sínum um þröngar og krókóttar göturnar í Bagdað. Búðirnar voru fullar af áhugaverðum vörum – rauðum, bláum og gulum teppum, pottum og pönnum, páfagaukum, döðlum, melónum, kökum, sælgæti og granateplum. Stundum var svo mikið af vörum að ekki var pláss fyrir þær inni í búðunum. Þær voru settar út á göturnar sem voru fullar af fólki og ösnum sem báru þungar byrðar.

Meistarinn gekk framhjá betlandi börnum sem réttu út litlu hendurnar í von um að fá smápening. Hann mætti eyðimerkurbúum á mjallhvítum kameldýrum og kom loks til nokkurra viturra manna sem sátu í skugganum af mosku. Þeir töluðu um Guð og boðbera hans, Múhameð.

Meistarinn talaði oft við þessa menn og þeim fannst gaman að hlusta á hann. Þótt hann væri á barnsaldri talaði hann af mikilli þekkingu og var alltaf blíður og kurteis.

Einu sinni bað aðalsmaður nokkur hann um að skrifa ritgerð og útskýra flókin atriði sem Múhameð hafði sagt í Kóraninum. Meistarinn skrifaði afbragðs vel og allir sem lásu textann voru undrandi á getu hans. Þeir spurðu hann „Hver er kennarinn þinn?“

Meistarinn svaraði: „Faðir minn kenndi mér.“



Fjöllin

Meistarinn var alltaf hjá föður sínum. Þeir elskuðu hvor annan. En einn daginn varð Bahá'u'lláh að fara upp í fjöllin og hann kom ekki heim í tvö löng ár.

Stundum grét Meistarinn því hann saknaði föður síns afar mikið. Hann las bækur eftir Bábin og baðst fyrir. Hann hjálpaði fjölskyldu sinni eins mikið og hann gat.

Á heimili þeirra bjó föðurbróðir sem var þeim ekki góður. Hann læsti dyrunum og börnin máttu ekki að fara út að leika sér. Á þessum erfiðu tímum meðan Bahá'u'lláh var í burtu gleymdu margir bábíar kenningum Bábsins. Þeir byrjuðu jafnvel að þrátta og rífast.



Heimkoman

Loks kom Bahá'u'lláh heim úr fjöllum þar sem hann hafði verið. Fötin hans voru úr grófu efni. Hann var með sítt hár og skegg og andlitið var dökkt eftir margra mánaða dvöl úti í sól og vindi. Meistarinn kraup við fætur föður síns og kyssti þá. Tárin streymdu úr augum Bahá'u'lláh þegar hann horfði á son sinn.

Eftir heimkomu Bahá'u'lláh varð mikil gleði í borginni Bagdað og margir komu að heimsækja hann. Sumir komu vegna þess að þeir vildu spyrja mikilvægra spurninga en aðrir af því að þeir vildu sjá hvað væri að gerast.

Bahá'u'lláh var önn-um kafinn við að taka á móti gestum en Meistarinn hjálpaði honum. Þegar einhver kom í heimsókn spurði Meistarinn um erindi hans. Ef hann vildi komast að því sem var satt og rétt í málefnum bábíanna bauð hann þeim inn til Bahá'u'lláh.



Paradís

Bahá'u'lláh, Meistarinn og nokkrir átrúendur voru í bát á leiðinni yfir Tígris fljótið. Meistarinn horfði á mannfjöldann á árbakkanum. Það var eins og fólkið minnkaði stöðugt eftir því sem báturinn fjarlægðist það á fljótinu. Raddirnar frá mannfjöldanum urðu sífellt lægri og það eina sem heyrðist var gjálfrið í vatninu við bátshliðina. Eftir stundarkorn var báturinn kominn yfir fljótið að bakkanum hinum megin. Þeir fóru í land og gengu inn í fagran garð.

Þar voru fjórar götur með trjám á báðar hliðar og með aðstoð nokkurra vina var tjald Bahá'u'lláh sett upp í miðjum garðinum. Það var hvasst og tjaldið flaksaðist til og frá. Vinirnir á staðnum höfðu áhyggjur af að tjaldið myndi fjúka og á hverjum degi skiptust þeir á að halda í tjaldstögin. Loksins lygndi og þá gátu þeir verið hjá Bahá'u'lláh. Það gladdi þá mikið.

Garðurinn var fullur af ilmandi blómum. Á hverjum morgni tíndu vinirnir rósir og lögðu þær fyrir framan tjaldið. Þegar gestir komu frá Bagdað gaf Bahá'u'lláh hverjum og einum rós til að taka með sér heim. Gleðin var svo mikil að öllum leið eins og þeir væru í paradís.

Og það var einmitt nafnið sem Bahá'u'lláh gaf garðinum – Ridván garðurinn þýðir garður paradísar.

Bahá'u'lláh dvaldi í garðinum í tólf daga með Meistarinum og nokkrum vinum. Aðrir úr fjölskyldunni mættu á níunda degi en á tólfta degi fóru allir burt. Fjölskyldan helga var að flytja til borgarinnar Konstantínópel sem var mjög langt í burtu.

Á meðan Bahá'u'lláh var í Riðván garðinum sagði hann fjölskyldunni og vinunum miklar og merkilegar fréttir. Fyrir mörgum árum þegar Bábin opinberaði köllun sína sagði hann að Guð myndi senda annan boðbera sem kæmi með boðskap um ást, frið og einingu fyrir allt mannkynið. Það var í Riðván garðinum sem Bahá'u'lláh sagði öllum frá því að hann væri sá sem Bábin hafði talað um og sem mannkynið beið eftir.



Lampinn

Myndarlegur ungur maður á hestbaki reið í áttina til ferðalang-anna. Það var Meistarinn. Hann hafði farið á undan til að leita að stað til að gista á um nóttina.

Fjölskyldan helga og nokkrir bahá'íar höfðu farið frá Bagdað í fyrstu útleigð sína af mörgum sem endaði í fangelsisborginni 'Akká. Þessar ferðir voru mjög langar. Oft þurftu þau að ferðast í stormi og brjótast um í djúpum snjó.

Einn veturinn bjó fjölskyldan í litlu húsi í borg sem heitir Adrí-anópel. Það var kalt og allir voru svangir. Á nóttunni hlupu mýs og rottur um allt húsið. Meistarinn kveikti þá á lampa sem hræddi þær burt. Hann hló og söng til þess að gleðja fjölskylduna.



Bréfið

Einn daginn þegar fjölskyldan helga sat í friði og ró í húsinu sínu í Adríanópél heyrðist allt í einu í herlúðri. Meistarinn fór að glugganum og sá að hermenn höfðu umkringgt húsið. Hann fór út og þeir afhentu honum bréf. Í bréfinu stóð að senda ætti Bahá'u'lláh í útlegð á ákveðinn stað en aðrir fjölskyldumeðlimir færu á annan stað og hvorugur mundi vita hvert hinn færi.



Meistarinn sagði að hann vildi frekar deyja en að skiljast frá Bahá'u'lláh. Hann spurði hermennina hvort hægt væri að fresta brottförinni um nokkra daga en þeir sögðu: „Nei, þið farið í dag.“

Meistarinn bað þá um leyfi að hitta landstjórnann í höll sinni. Fjölskyldan varð kvíðin og áhyggjufull þegar hún sá tvo hermenn leiða hann burt.

Þegar Meistarinn hitti landstjórnann bað hann aftur og aftur um að fjölskyldan fengi að vera saman en svarið var alltaf nei. Hann hélt áfram að spyrja vikum saman og að lokum komu skilaboð með jákvæðu svari.

Þótt fjölskyldan yrði ekki aðskilin varð hún að yfirgefa Adríanópél og halda áfram í langt ferðalag. Í útlegðinni fóru þau sífellt lengra frá heimili sínu í Persíu.

Muníb

Þegar Bahá'u'lláh, fjölskylda hans og vinir voru send frá Adríanópél til 'Akká varð einn átrúandinn mjög veikur. Þetta var ungur maður sem hét Muníb. Hann var nýkominn úr langri heimsókn til Persíu þar sem hann sagði frá Bahá'u'lláh.

Muníb hafði fallega söngródd og söng bænir og ljóð af mikilli list. Auk þess hafði hann góða rithönd og skrifaði niður bænir sem Bahá'u'lláh opinberaði. Að nóttu til þegar Bahá'u'lláh reið um eyðimerkur frá einni borg til annarrar voru Muníb og Meistarinn með honum, og Muníb söng hátt og snjallt.

En brátt varð Muníb mjög veikburða og gat ekki einu sinni gengið. Bahá'íarnir báru Múnib á skip sem sigldi til 'Akká. Eftir nokkra daga varð hann enn veikari svo að skipstjórinn sigldi í næstu höfn og sagði að hann þyrfti að fara á sjúkrahús.

Muníb vildi ekki yfirgefa Bahá'u'lláh en skipstjórinn ítrekaði skipun sína. Meistarinn og nokkrir aðrir vinir báru hann af skipinu.

Það var aðeins ein klukkustund þangað til skipið sigldi aftur úr höfn og þeir flýttu sér á sjúkrahúsið. Meistarinn kyssti hann mörgum sinnum og söng bænir áður en hann fór frá Múnib. Stutt síðar andaðist Múnib. Sál hans hafði fengið frelsi og hann gat verið hjá Bahá'u'lláh að eilífu.



Keðjur

Eitt sinn þegar Meistarinn var í borginni ‘Akká voru keðjur settar á hendur hans, ökla og hné. Á meðan verðirnir voru að hlekkja hann hló Meistarinn og söng. Í stað þess að vera hræddur og dapur var hann svo góður við fangaverðina að þeir urðu vinir hans og reyndu að hjálpa honum eins og þeir gátu.

Einn daginn bað Meistarinn um leyfi til að fara í baðhús og verðirnir samþykktu að fara með honum. En fyrst settu þeir keðjurnar undir fötin hans svo enginn sæi að hann væri fangi.

Á leiðinni að baðhúsinu lét Meistarinn keðjurnar detta til þess að allir gætu séð að hann væri fangi. Borgarbúar hópuðust í kringum hann og byrjuðu að kalla hann öllum illum nöfnum. En það truflaði hann ekki. Hann bar höfuðið hátt og gekk áfram glaður í bragði því hann vissi að hann hafði bara gert það sem var gott og að Guð væri ánægður með hann.



Brúðkaupið

Ung stúlka sem hét Munírih Khánum var grátandi inni í herberginu sínu. Hún var hrygg því hún hafði heyrt að Bahá'u'lláh væri lokaður inni í dimmu fangelsi, langt í burtu frá skógum, engjum og blómum sem hann elskaði svo heitt.

Einn daginn sendi Bahá'u'lláh skilaboð til Munírih og bað hana um að koma með bróður sínum til 'Akká þar sem fangelsið var. Munírih Khánum varð afar spennt og byrjaði að undirbúa sig fyrir langa ferð.

Eftir margra vikna ferð komust þau á leiðarenda og fengu að hitta Bahá'u'lláh á hverjum degi. Munírih Khánum hitti einnig Meistarann, hún stóð stundum við glugga og horfði á hann synda í sjónum.

Einn daginn sagði Bahá'u'lláh henni ástúðlega að hann vildi að hún myndi giftast Meistarann.

Á brúðkaupsdaginn kom Bahá'u'lláh ásamt eiginkonu og dóttur og fimm öðrum konum. Munírih Khánum var í hvítum kjól sem móðir og systir Meistarans höfðu saumað og á höfðinu var hvít blæja. Hún var með langar og þykkar fléttur og geislaði af fegurð.

Bænir voru sungnar þegar Munírih Khánum og Meistarinn gengu í heilagt hjónaband.



Meistarinn eignaðist lítinn son sem hét Husayn. Þegar drengurinn var fimm ára gamall varð hann veikur og dó. Hann átti líka önnur börn sem dóu. Nokkrir arabar sem bjuggu í ‘Akká komu og vottuðu honum samúð sína.

Meistarinn brosti til þeirra og spurði hvort þeim fyndist Guð vera gjafmildur. „Já, vissulega,“ sögðu mennirnir. „Hann hefur gefið okkur allt.“ Þá spurði Meistarinn hvort þeim fyndist einhver vera gjafmildur ef hann gæfi eitthvað og tæki svo gjöfina aftur. „Auðvitað ekki!“ sögðu þeir hissa.

Meistarinn útskýrði að Guð hefði verið gjafmildur þegar hann gaf honum lítinn son en hann hafi ekki tekið litla soninn frá sér. Guð væri núna að gæta hans og elska, og hann væri mjög hamingjusamur.



Landstjórinn

Í ‘Akká var landstjóri, sem var hvorki góður né vingjarnlegur. Honum leist ekkert á þessa friðsömu og heiðarlegu bahá’ía. Hann braut heilann um hvernig hann gæti komið í veg fyrir að þeir gætu unnið fyrir sér sem auðvitað þýddi að þeir myndu ekki eignast peninga fyrir mat.

Landstjórinn sagði við lögregluna: „Hér eru fimmtán búðir sem bahá’íar eiga. Farið snemma í fyrramálið, læsið þeim og komið með lyklana til mín.“ Þetta gerði hann til þess að bahá’íarnir gætu ekki opnað búðirnar sínar!

Sama kvöld sagði Meistarinn vinunum að þeir ættu ekki að opna búðirnar morguninn eftir en bíða og sjá hvað Guð myndi senda þeim.

Í ‘Akká opnuðu búðir venjulega klukkan sjö á morgnana og landstjórinn beið eftir að lögreglan kæmi með lyklana. Hann beið og beið en enginn kom til að opna búðirnar og þess vegna var ekki hægt að taka lyklana af þeim. Þegar klukkan var orðin tíu var landstjórinn ráðalaus og skildi ekki hvers vegna áform hans gengu ekki upp.

Meðan hann beið kom maður með símskeyti frá ríkistjórninni. Í skeytinu stóð að honum væri sagt upp starfi og lögreglan þyrfti að fara með hann strax til borgar sem heitir Damaskus langt frá ‘Akká.

Þessi óvinveitti landstjóri varð hræddur og byrjaði að undirbúa brottförina. Meistarinn kom og heimsótti hann og var honum góður. Hann sagði landsstjóranum að hafa engar áhyggjur og spurði

hvort hann gæti gert eitthvað fyrir hann. Landstjórinn bað Meistarinn að líta eftir konunni sinni og börnunum þegar hann færi. Meistarinn lofaði því. Seinna lét hann þau hafa allt sem þau þurftu til að geta farið til landsstjórans í Damaskus og fékk traustan mann til að fara með þeim og tryggja öryggi þeirra á leiðinni.

Ferðin var löng en að lokum voru landsstjórinn, eiginkona hans og börnin saman aftur. Hann skrifaði bréf til Meistarans og baðst afsökunar á hegðun sinni gagnvart bahá'íunum og sagði: „Ég bið þig að fyrirgefa mér. Ég skildi ekkert. Ég þekkti þig ekki.“



Það var mikið um að vera í búðinni. Fólk kom og fór og sumir skildu eftir skilaboð. Enginn tók eftir manni sem sat hljóður við dyrnar. Þetta var Meistarinn og hann var búinn að bíða þarna í þrjá klukkutíma. Búðareigandinn hafði stolið kolum sem bahá'íarnir í 'Akká höfðu keypt og Meistarinn var kominn til að sækja kolin.

Loksins sneri búðareigandinn sér að honum og spurði „Ert þú einn af föngunum í borginni?“ Meistarinn svaraði játandi. Búðareigandinn spurði þá hvað hann hefði gert af sér til að lenda í fangelsi. Meistarinn sagði að hann gerði það sama og Jesús – hann segði fólki frá nýjum boðskap Guðs.

Búðareigandinn reiddist við þetta svar og sagði hranalega, „Hvað veist þú um Krist?“ Meistarinn svaraði kurteislega og þegar búðareigandinn sá hve mikið hann vissi um Jesú Krist skammaðist hann sín fyrir hvernig hann hafði komið fram.

Eftir þetta varð hann góður vinur Meistarans og borgaði fyrir kolin sem hann hafði tekið.



Ferðalangurinn

Bahá'íar fóru oft fótgangandi í marga mánuði alla leið frá Persíu til að heimsækja Bahá'u'lláh í 'Akká þar sem fjölskyldan helga og margir átrúendur voru í fangelsi. Utan um alla borgina var hár og þykkur varnarmúr með tveimur borgarhliðum sem hermenn gættu.

Þegar bahá'íar komu til 'Akká voru þeir þreyttir en glaðir því nú gætu þeir loksins hitt Bahá'u'lláh. En þeir voru stöðvaðir í hliðinu, settir í fangelsi um stund og síðan sendir aftur heim. Þeir fengu ekki að sjá Bahá'u'lláh.



Kvöld eitt gengu Meistarinn og nokkrir átrúendur á götu í 'Akká. Þá sá hann hestvagn í fjarska.

Hann sagði þeim að mikilvægur maður væri í vagninum. Vinirnir horfðu en það eina sem þeir sáu var rykmökkur við sjóinn. Meistarinn sagði þá að þeir ættu allir að fara að borgarhliðinu. Engum var hleypt út og enginn mátti koma inn en Meistarinn fór samt.

Þegar hann kom að hliðinu sagði hann vörðunum að vinur væri á leiðinni og að þeir yrðu að hleypa honum inn. Vinirnir trúðu ekki sínum eigin augum þegar þeir sáu einn vörðinn ná í stól handa Meistarannum. Ekki nóg með það, þegar hestvagninn kom hleyptu þeir gestinum inn!

Gesturinn var náskyldur Bábnum og hafði ferðast alla leið frá Indlandi. Hann var svo góður maður að um leið og Meistarinn sá vagninn vissi hann að þar var flekklaus og yndisleg manneskja á ferð.

Dyr himnaríkis

Einn daginn bárust þær sorglegu fréttir að Bahá'u'lláh væri veikur. Fjölskyldan gerði allt sem hún gat til þess að láta Bahá'u'lláh líða vel en eftir nokkra daga dó hann og sál hans fór aftur til Guðs í veröld ljóssins.

Þegar fréttirnar bárust um alla borgina sungu prestarnir sérstaka bæn frá bæneturnum í öllum moskum borgarinnar:



*Guð er mikill,
Hann gefur líf!
Hann tekur það aftur!
Hann deyr ekki,
en lifir að eilífu!*

Allir á götunum, í búðum, húsum og úti á ökrum heyrðu bænina. Hundruð manns komu til að votta samúð og til að láta í ljós ást sína á Bahá'u'lláh.

Börn Meistarans elskuðu Bahá'u'lláh afar heitt. Eitt þeirra sagði, „Ég vil fara með honum ... Ég vil ganga gegnum sömu dyrnar inn í himnaríki.“ Árið eftir veiktist barnið og dó. Það fór til Bahá'u'lláh og verður hjá honum að eilífu.

Í fyrstu urðu vinirnir ráðalausir án Bahá'u'lláh og vissu ekki hvað þeir ættu að gera. En þá var erfðaskrá Bahá'u'lláh lesin og í

henni stóð að hann hefði valið Meistarann til að leiðbeina öllum. Þegar við elskum og hlýðum Meistarann komumst við líka nær Bahá'u'lláh.

Eftir þetta sagði Meistarinn að héðan í frá vildi hann að vinirnir kölluðu sig 'Abdu'l-Bahá. 'Abdu'l-Bahá er afar fallegt nafn. Það þýðir „þjónn Bahá'u'lláh“.





Óvinir ‘Abdu’l-Bahá vildu setja hann aftur í fangelsi. Sumir sögðu að hann yrði sendur burt til að deyja í eyðimörk einhvers staðar langt í burtu. Allir urðu áhyggjufullir þegar þessar fréttir bárust. Jafnvel fátæka fólkið þorði ekki að sækja mat heim til ‘Abdu’l-Bahá.

Einn daginn fór hjartahlýr maður til ‘Abdu’l-Bahá og sagði að ef hann hefði hraðann á gæti hann flutt hann á öruggan stað á skipinu sínu. En ‘Abdu’l-Bahá sagði: „Bábin flúði ekki og ég ætla ekki

að flýja.“ Hann byrjaði að sinna húsinu sínu og gróðursetti tré í garðinum. Hann keypti nóg af kolum til að duga allan veturinn.

Fólkið í ‘Akká var undrandi. En ‘Abdu’l-Bahá var ekki áhyggjufullur jafnvel þótt njósningar væru í felum fyrir utan húsið hans.

Mánuður leið og þá sást allt í einu til skips hinum megin við flóann. Það var fullt af hermönnum sem ætluðu að flytja ‘Abdu’l-Bahá burt. Allir fylgdust með þegar skipið nálgadist borgina.

‘Abdu’l-Bahá bað til Guðs og vissi að hið rétta myndi gerast að lokum. Og það gerðist! Allt í einu sneri skipið við, sigldi út á opið haf og kom aldrei aftur.

Einu sinni kom maður sem vann fyrir ríkisstjórnina til ‘Abdu’l-Bahá og sagði: „Ég vil fá ‘abá.“ En ‘abá er skikkja sem Meistarinn klæddist oft.

‘Abdu’l-Bahá átti bara þessa einu skikkju sem hann var í en var þó tilbúinn að gefa manninum hana. En maðurinn var ágjarn. Honum leist ekki á þessa skikkju og heimtaði að fá aðra betri. Meistarinn sagði að hann ætti ekki neina betri en lét hann fá peninga til að kaupa sér góða skikkju. Maðurinn kvartaði enn og þá sagði

Meistarinn að hann myndi gefa honum peninga til að kaupa sér nýja skikkju og hann gæti líka fengið sína! Þrátt fyrir þetta varð maðurinn ekki glaður og sagði ljót orð um ‘Abdu’l-Bahá.

Þessi maður var líka vondur við aðra og á endanum reiddist fólkið í ríkisstjórninni við hann út af einhverju sem hann hafði gert. Í refsingarskyni missti hann vinnuna og allar eigur sínar og átti að lokum ekkert eftir.



Börn ‘Abdu’l-Bahá

Það var heitt síðdegi í ‘Akká og börnin fengu sér te hjá ‘Abdu’l-Bahá. Þau voru öll í svölu herbergi með hvítkölkuðum veggjum og blárri hurð. Sólin skein inn um gluggann á tvo dóttursyni hans og tvo litla drengi frá Bandaríkjunum.

‘Abdu’l-Bahá breiddi út faðminn. Börnin fjögur hlupu til hans og hann faðmaði þau að sér. Síðan settust þau niður saman. ‘Abdu’l-Bahá setti sykurlífa í teið þeirra, hrærði og öll voru glöð.

‘Abdu’l-Bahá var góður við alla. Ef einhver var einmana fór ‘Abdu’l-Bahá og heimsótti hann. Ef einhver var svangur gaf hann

honum mat. Ef einhver veiktist hjúkraði hann honum. Ef einhver var dapur fékk ‘Abdu’l-Bahá hann til að hlæja.

Á hverjum degi sýndi hann okkur hvernig við eigum að lifa góðu og sönnu lífi – hvernig við eigum að elska Guð og hvert annað, hvernig við getum fyrirgefið og hvernig við eigum að hlýða.

‘Abdu’l-Bahá elskar okkur öll og við erum öll börnin hans. Jafnvel þótt við séum fullorðið fólk!



Grafhýsi Bábsins

Í nær sextíu ár eftir píslarvætti Bábsins voru helgar líkamsleifar hans hafðar í felum svo að óvinir trúarinnar gætu ekki rænt þeim.

Bahá'u'lláh hafði valið stað á Karmel fjalli þar sem Bábin yrdi jarðsettur. Strax og 'Abdu'l-Bahá gat, hlýddi hann föður sínum og byrjaði að reisa grafhýsi Bábsins.

Í fyrstu neitaði sá sem átti landið á Karmel fjalli að selja það. 'Abdu'l-Bahá fór þá mörgum sinnum með bæn sem Bábin hafði opinberað. Morguninn eftir kom maðurinn til 'Abdu'l-Bahá, bað hann fyrirgefningar á hegðun sinni og grátbað hann um að kaupa af sér landið.

'Abdu'l-Bahá byrjaði strax að reisa grafhýsið. Þegar það var tilbúið var líkami Bábsins, sem var vandlega vafinn í silki, borinn að grafhýsinu í trékistu.

Þetta var um nótt og bahá'íar úr austri og vestri söfnuðust saman á fjallinu. Í ljósi frá lampa lagði 'Abdu'l-Bahá trékistuna í fallega marmarakistu. 'Abdu'l-Bahá hafði farið úr skóm og skikkju og túrbaninn hans hafði fallið á jörðina. Silfurlitað hárið bylgjaðist um höfuðið og andlit hans geislaði þegar hann beygði sig fram, lagði ennið á kistuna og baðst fyrir.



Ferðin

‘Abdu’l-Bahá átti lítinn dótturson sem hét Shoghi Effendi. Hann fæddist meðan fjölskyldan var enn í fangelsinu í ‘Akká. Þegar hún var leyst úr fangavistinni bjó Shoghi Effendi í Haifa þar sem loftið var miklu hreinna og heilnæmara. Hann notaði tímann til að læra bænir, sinna lærdómi, leika sér við önnur börn, en best þótti honum að eyða tímanum með ‘Abdu’l-Bahá. Þeim þótti svo innilega vænt hvorum um annan.

‘Abdu’l-Bahá hafði ákveðið að fara til Vesturlanda og hann vildi hafa Shoghi Effendi með sér í því mikla ævintýri. ‘Abdu’l-Bahá keypti ný föt á hann og þeir bjuggu sig undir ferðina.

Þeir sigldu frá Egyptalandi til Ítalíu. Þar fór skipið í höfn til að

hleypa sumum farþegum frá borði og öðrum um borð. Einn farþeginn sem ferðaðist með þeim var slæmur maður og hann var afbrýðisamur út í Shoghi Effendi. Hann laug að læknum á Ítalíu og sagði að það væri eitt-hvað að augunum í Shoghi Effendi og hann gæti ekki farið í svona langt ferðalag.

‘Abdu’l-Bahá vissi að ekkert amaði að Shoghi Effendi. Hann reyndi allt sem hann gat til að sannfæra lækna og fá þá til að skipta um skoðun en ekkert dugði.

Shoghi Effendi varð að snúa aftur til Haifa. ‘Abdu’l-Bahá var miður sín en hélt ferðinni áfram til Ameríku.



Billinn

‘Abdu’l-Bahá heimsótti lönd í Evrópu og Ameríku og var lengi í Bandaríkjunum. Hann ferðaðist mörg þúsund kílómetra, heimsótti vini og talaði opinberlega. Einn af bahá’íunum vildi aðstoða hann. Hún gaf ‘Abdu’l-Bahá peninga til að kaupa sér bíl svo að ferð hans yrði þægilegri. Hann afþakkaði peningana og bað konuna um að kaupa mat, föt og lyf fyrir fátækt fólk.



Palleg gjöf

Borðið var hlaðið ljúffengum mat og allir settust niður til að njóta veislunnar. ‘Abdu’l-Bahá var þar og rétti öllum diska fulla af góðum mat. Þá færði einn vinanna ‘Abdu’l-Bahá gjöf. Hún var send frá fátækum manni sem bjó langt í burtu og hann átti aðeins eitt til að gefa – kvöldmatinn sinn. Maturinn var vafinn í hreinan bómullarklút. Í honum var skorpið epli og þurr, rúgbrauðsneið.

‘Abdu’l-Bahá leit á gjöfina og varð mjög glaður. Hann setti diskinn sinn til hliðar og borðaði eplið og harða brauðið. Hann braut jafnvel bita af brauðinu til að deila með vinunum.



Fátæklingar

Það voru jól og fólk í London var upptekið við að kaupa gjafir. En sumir áttu ekki einu sinni nóg til að kaupa brauð handa börnunum sínum. Þetta olli ‘Abdu’l-Bahá mikilli sorg. Hann heimsótti margt fátækt fólk og hjálpaði því eins og hann gat.

Hann sagði vinunum að það væru líka margir fátækir í ‘Akká, börnin væru oft horuð og veik. Þegar þau bæðu um brauð vildi enginn gefa þeim. Svöng lítil börn sem höfðu ekki borðað neitt allan daginn horfði á fólkið sem keypti sér brauð, hrísgrjón og ost í búðunum. Þau langaði að fá eitthvað líka. En búðareigendur böðu út höndunum, æptu á þau og segðu þeim að hunskast burt.

‘Abdu’l-Bahá sagði vinunum að einu sinni hafi nokkrir fátæklingar komið til hans og beðið um mat. Það var matvörubúð skammt frá og ‘Abdu’l-Bahá sagði þeim að fara þangað og fá sér það sem þeir vildu. Þeir flýttu sér – og voru svo svangir að þeir borðuðu jafnvel ósoðin hrísgrjón.

Búðareigandinn brást hinn versti við og hrópaði að það væri verið að ræna hann en enginn varð þess var. Þegar allir voru farnir og búðin orðin tóm borgaði ‘Abdu’l-Bahá fyrir allar vörurnar sem fátæka fólkið hafði fengið.



Veislan

‘Abdu’l-Bahá átti afmæli. Einn af bahá’íunum velti fyrir sér hvað yrði gert á svo dásamlegum degi! Hún ímyndaði sér allar gjafirnar sem ‘Abdu’l-Bahá fengi og að nú gæti hann loks hvílt sig á meðan aðrir sæju um vinnuna.

En hún átti eftir að verða mjög hissa! Þegar hún vaknaði á afmælisdaginn sagði maðurinn hennar að ‘Abdu’l-Bahá væri í eldhúsinu að baka brauð!

Seinna komu tvö hundruð gestir í veislu ‘Abdu’l-Bahá. Hann gekk á milli þeirra allan tímann og þjónaði þeim, bauð upp á hrísgrjón, kjöt og ljúffenga ávexti og sagði fyndnar sögur sem fengu alla til að hlæja.

Hann sagði öllum gestunum að þeir yrðu fyrirgefa hver öðrum ef einhver hefði gert rangt, til þess að allir gætu verið glaðir. Hann sagði að ef við borðum þegar við erum döpur, verðum við enn daprari. En ef við erum glöð þegar við borðum, verðum við ennþá glaðari.



‘Abdu’l-Bahá sagði að hann héldi ekki veisluna vegna afmælisins heldur vegna dásamlegs viðburðar sem hafði gerst þennan sama dag fyrir löngu. Þá hafði Bábinns sagt fyrsta manninum frá því að hann væri opinberandi Guðs. Og það var þess vegna sem ‘Abdu’l-Bahá hélt veislu.

Fjólur

Einu sinni fór ‘Abdu’l-Bahá og nokkrir vinir í skemmtiferð út í sveit. Þeir ákváðu að stoppa við gistihús til að fá sér te. Þegar ‘Abdu’l-Bahá steig út úr bílnum komu fimmtán börn hlaupandi til hans, öll með lítinn fjóluvönd sem þau vildu selja. Þau stöðu eftirvætningarfull á ‘Abdu’l-Bahá. Hann horfði á þau ástúðlega og keypti allar fjólurnar. Þegar þau höfðu fengið borgað réttu þau út litlu hendurnar til að fá meira. ‘Abdu’l-Bahá sagði að þau væru nú búin að fá borgað og fór inn í gistihúsið.

Á eftir þegar hann kom út, biðu börnin enn eftir peningum. Einn bahá’íanna sagði við þau strangri rödd að nú væru þau frek. En ‘Abdu’l-Bahá tók eftir barni sem ekki hafði verið þar áður. Hann nam staðar hjá barninu og gaf því líka nokkra smápeninga.



Farnbrautarlestin

Lestin brunaði áfram yfir brýr, fljót og akra á leiðinni þvert yfir Bandaríkin. Í lestinni stóð hópur fólks í kringum ‘Abdu’l-Bahá.

Nokkrir tyrkneskir hermenn komu til að spyrja hann spurninga. ‘Abdu’l-Bahá ræddi við þá og gaf þeim te. Þeir voru á leiðinni heim til sín að berjast í styrjöld. ‘Abdu’l-Bahá varð hryggur þegar hann heyrði það. Oft sagði hann að menn ættu að hætta að berjast en vera frekar vinir og elska hver annan. Hann sagði líka að hann þyrfti fljótlega að fara frá Bandaríkjunum til landsins helga til að hjálpa fátæka fólkinu sem hefði særst í stríðinu og hefði ekkert að borða.

Þegar hermennirnir voru farnir kom þangað maður sem seldi fallega steina. Börnin hópuðust í kringum hann. Þau horfðu stór-

um augum á þessa litfögru steina og óskuðu sér að geta eignast þá. ‘Abdu’l-Bahá sagði þeim að velja þann stein sem þeim litist best á og keypti nokkra. Þegar fleiri börn komu keypti ‘Abdu’l-Bahá líka steina handa þeim.

Fréttir um þetta bárust um alla lestina og þegar fólk heyrði um þennan góða og gjafmilda mann komu margir til að tala við hann. ‘Abdu’l-Bahá sagði þeim þá frá Bahá’u’lláh og kenningum hans.



Flækingurinn

Það var snemma um morgun og flestir voru enn í fasta svefni. Kona sem var bahá'í horfði út um gluggann sinn og sá 'Abdu'u'l-Bahá á gangi á auðu stræti fyrir neðan.

Allt í einu gekk afar fátækur maður fram hjá. Hann var í mjög óhreinum og skjóllitlum fötum. Kannski hafði hann sofið á köldu torgi eða undir brú og átti engan að. 'Abdu'l-Bahá gekk til þessa einmana gamla manns, tók í höndina á honum og talaði við hann ástúðlega. Maðurinn var mjög dapur og langur tími leið áður en það glaðnaði yfir honum. En að lokum brosti hann.

'Abdu'l-Bahá horfði á rifnu buxurnar hans og brosti. Hann fór síðan afsíðis á dimman stað, klæddi sig úr buxunum sem voru undir skikkjunni hans og gaf gamla manninum.



Fred

Fred var mjög óþekkur strákur. Móðir hans áminnti hann um að haga sér vel en hann hlustaði ekki á hana. Hann lenti í slagsmálum, stal og montaði sig fyrir framan aðra drengi og var sífellt í einhverri klípu.

Einu sinni þegar hann hafði gert eitthvað virkilega slæmt af sér, elti lögreglan hann á götunum. Hann stökk yfir háan vegg og fótbrotnaði.

Þegar Fred lenti í fangelsi kom til hans góður maður sem hét Hall. Hann var lögfræðingur og vann á lögreglustöðinni. Hann reyndi að hjálpa Fred og sagði honum frá dásamlegum manni sem hét 'Abdu'l-Bahá og væri á ferðalagi um Bandaríkin.

Fred hlustaði og hugsaði með sér að hann væri alveg til í að hitta þennan mann. Lögfræðingurinn sagði honum hvert hann ætti að fara. Fred átti enga peninga og þess vegna klifraði hann stundum upp á lestarvagna og stundum undir lestina. Þannig ferðaðist hann langar vegalengdir. Þegar hann kom á áfangastað var hann þreyttur og óhrein. Kona sem var bahá'í sá hann illa til reika og bauð honum að gista í húsinu sínu.

Snemma næsta morgun vakti hún Fred og hann dreif sig til að hitta 'Abdu'l-Bahá. Margir voru mættir á fundarstaðnum og honum var sagt að sitja og bíða. Fred settist niður dapur í bragði og fannst að hann þyrfti að bíða lengi eftir að hitta 'Abdu'l-Bahá. En fljótlega kom einhver til hans og sagði að 'Abdu'l-Bahá væri að bíða eftir honum. Fred var undarlega innanbrjósts þegar hann gekk upp tröppurnar. Hann hafði verið óþekkur og gert slæma hluti og nú velti hann því fyrir sér hvort 'Abdu'l-Bahá væri reiður við sig.

Hurðin opnaðist og ‘Abdu’l-Bahá kom brosandi á móti Fred, heilsaði honum með handabandi og sagði, „Velkominn! Velkominn! Þú ert hjartanlega velkominn!“

‘Abdu’l-Bahá spurði Fred um ferðalagið og hann sagði sem satt var að hann hefði ferðast uppi á lestarþökum og undir lestum. Augu ‘Abdu’l-Bahá ljómuðu. Hann kyssti Fred á báðar kinnar og gaf honum ávexti. Þá tók hann óhreina hattinn sem Fred var með á höfðinu og kyssti hann líka.

Fred bjó í húsi ‘Abdu’l-Bahá í heila viku og upp frá því hagaði hann sér alltaf vel.



— *Að þjóna Guði* —

Í ‘Akká var margt fátækt fólk sem átti engan að nema ‘Abdu’l-Bahá. Á hverju einasta ári keypti hann hlýjar skikkjur fyrir veturinn til að gefa því. Sumir voru blindir eða höfðu slasast. ‘Abdu’l-Bahá setti skikkjurnar á axlir þess og batt þær.

Þegar fólk var veikt hjálpaði hann því og færði því mat og lyf. Einn daginn var ‘Abdu’l-Bahá mjög upptekinn og bað bahá’í konu um að heimsækja mann sem var veikur. Það gladdi hana að fá að aðstoða og hún fór strax. En þegar hún kom inn í hús mannsins var það svo óhreint og lyktaði svo illa að hún fór aftur til ‘Abdu’l-Bahá og sagði honum frá þessu.

‘Abdu’l-Bahá varð dapur og þungbúinn. Hann sagði að hann hafði oft verið á þessu heimili. Gæti hún ekki sinnt þessu aðeins einu sinni? Ef húsið væri óhreint ætti hún að þrifa það. Ef einhver væri svangur ætti hún að gefa honum eða henni að borða. Ef við viljum þjóna Guði, sagði ‘Abdu’l-Bahá, verðum við að þjóna hvert öðru.



Heimur ljóssins

Hárið á ‘Abdu’l-Bahá var nú orðið hvítt sem mjöll. Hann var með stór blágrá augu og löng svört augnhár. Andlitið var blítt og góðlegt og þegar hann horfði á einhvern fannst þeirri manneskju eins og hann elskaði sig meira en alla aðra í heiminum.

Þetta fannst öllum sem hittu ‘Abdu’l-Bahá og þannig leið John líka þegar hann sá ‘Abdu’l-Bahá í fyrsta sinn. John var stórvaxinn maður frá Bandaríkjunum. Einu sinni þegar hann var einn með ‘Abdu’l-Bahá í bíl hallaði ‘Abdu’l-Bahá höfðinu á öxlina á honum og sofnaði. John sat grafkyrr og hreyfði sig ekki fyrr en bíllinn stoppaði.

Þegar ‘Abdu’l-Bahá var kominn aftur til Haifa eftir langt ferðalag í Bandaríkjunum skrifaði hann John bréf og sagðist langa til að sjá hann aftur. John lagði strax af stað til Haifa. En nokkrum dögum seinna dó ‘Abdu’l-Bahá. Sál hans yfirgaf þessa jörð og fór til Bahá’u’lláh í veröld ljóssins.

Systir ‘Abdu’l-Bahá tók í höndina á John og leiddi hann til sætis. Um nóttina fóru þau saman með bænir í herbergi ‘Abdu’l-Bahá.

Seinna hjálpaði John bahá’íunum að bera kistu ‘Abdu’l-Bahá upp brekkuna að grafhýsi Bábsins. Kistan hvíldi á hægri öxl hans. Þá mundi hann eftir því að einu sinni hafði ‘Abdu’l-Bahá lagt höfuðið á þessa öxl og sofnað.



